

Stofnskrá Sögufélagsins

1. Grein

Félagið heitir Sögufélagið Steini, skammstafað SfS Félagssvæðið nær milli Kiðafellsár og Leirvogsár innan borgarmarka Reykjavíkur. Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík

2. Grein

Tilgangur félagsins er:

Að safna saman upplýsingum um örnefni, þjóðlegan fróðleik, fornminjar og sögu Kjalarness frá öndverðu og gera þær aðgengilegar.

3. Grein

Allir sem áhuga hafa á sögu Kjalarness geta gerst félagar. Kjörgengi hafa allir 18 ára og eldri.

Heiðursfélagar: Heimilt er að kjósa heiðursfélaga SfS á aðalfundi samkvæmt tillögu stjórnar.

4. Grein

Stjórn SfS fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Stjórn SfS skal skipuð fimm stjórnarmönnum; formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda. Kjörtímabilið er til tveggja ára. Skal kjósa tvo stjórnarmenn á jöfnu ártali en þrjá hitt árið. Varamenn skulu vera þrír og kosnir árlega. Stjórn skiptir með sér verkum.

Einnig skal á aðalfundi kjósa tvo skoðunarmenn reikninga félagsins til eins árs.

5. Grein

Formaður boðar stjórnarfund og stýrir þeim. Skyld er að halda stjórnarfund ef þrír stjórnarmenn óska þess. Ef aðalmaður getur ekki mætt skal kalla varamann í hans stað. Stjórnarfundur er lögmætur ef þrír stjórnarmenn eru mættir, þar af formaður eða varaformaður. Stjórnin skal halda gerðabók um störf sín.

6. Grein

Málefnum félagsins er stjórnað af:

- Aðalfundi
- Stjórn félagsins.

7. Grein

Aðalfund skal halda ár hvert í september. Aðalfund skal boða með tryggum hætti með sjö daga fyrirvara og telst fundarboðunin þá lögleg. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Séu lagabreytingar fyrirhugaðar skal þess getið í fundarboði og jafnframt hvaða greinum laganna fyrirhugað

er að breyta. Einfaldur meirihluti ræður niðurstöðu mála, nema lagabreytingar sem þurfa 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Dagskrá aðalfundar:

1. Formaður setur fund og tilnefnir fundarstjóra og fundarritara.
2. Formaður flytur skýrslu stjórnar um störf á liðnu ári.
3. Gjaldkeri skýrir reikninga félagsins og kynnir 8 mán. milliuppgjör.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
5. Reikningar bornir undir atkvæði.
6. Lagabreytingar.
7. Kosningar samkvæmt 4. grein þessara laga.
8. Ritari les úr Ársriti SfS.
9. Önnur mál.
10. Fundarslit.

8. Grein

Stjórnin skal boða til almenns fundar ef ákveðnar óskir koma fram þar að lútandi. Fundurinn skal auglýstur og boðaður eins og um aðalfund væri að ræða.

9. Grein

Stjórn er heimilt að stofna nefndir á hverjum tíma eftir því sem þörf krefur. Nefndir félagsins skulu hafa fullt samráð við stjórnina um mál er varða félagið og halda gerðabók um störf sín.

10. Grein

Ef leggja á félagið niður getur það einungis gerst á aðalfundi með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Eignir félagsins skulu þá renna til Íbúasamtaka Kjalarness til varðveislu.

21. janúar 2010

Vísað til framhaldsstofnfundar.

Samþykkt á framhaldsstofnfundi þann 4. Febrúar 2010.